

1.-2. bekkur

Umsjónarkennarar: Kristín Gísladóttir og Sigríður Björk Gylfadóttir

Stuðningsfulltrúi: Ásta Björg Nathanaelsdóttir

Heimasvæði: Regnbogaland

Skipulag í 1. - 2.bekk

Áhersla er á fagmennsku og metnað í allri kennslu. Notaðar eru kennarastýrðar vinnustöðvar og samþætting námsgreina til að hjálpa nemendum að tileinka sér þekkingu, leikni og jákvætt viðhorf og öðlast þannig þá hæfni sem stefnt er að í menntun. Leitast er við að efla rökhugsun og gagnrýna hugsun nemenda sem og skapandi hugsun og lausnaleit.

Á vinnustöðvum er lögð áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir. Nemendur vinna í litlum hópum og verkefni þeirra eru einstaklingsmiðuð. Áhersla er lögð á að efla sjálfsmynd barnanna með jákvæðni, hvatningu og hrósi að leiðarljósi. Boðið er upp á val nokkrum sinnum í viku, sem byggt er á hugmyndum nemenda. Þar fá þeir tækifæri til að æfa samskipti og félagsfærni bæði í leik og starfi.

Leitast er við að skapa hlýlegt og frjótt námsumhverfi. Raddir nemenda skipta máli og áhersla er lögð á að efla hæfni þeirra til að taka þátt í lýðræðislegum samræðum og skoðanaskiptum. Leitast er við að hafa skapandi og verklega nálgun í öllum greinum.

Lögð er áhersla á góð samskipti milli heimilis og skóla sem byggjast á trausti og reglulegu upplýsingaflæði. Foreldrar hafa gott aðgegni að kennurum.

Íslenska

Kennarar: Sigríður Björk og stuðningsfulltrúi Ásta Björg

Markmið - Hæfniviðmið Aðalnámskrá grunnskóla 2024 - íslenska

<https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-19-islenska-2024>

Helstu viðfangsefni/námsþættir -

- Hlustunarskilningur
- Lesskilningur
- Talað mál, samskipti og frásögn
- Ritunartjáning

Markmiðið er að nemendur fái tækifæri til að fást við fjölbreytt verkefni sem efla m.a. orðaforða og auki öryggi í ritun stuttra texta, taki þátt í umræðum og fræðslu um almenn efni. Áhersla er lögð á lestur nemenda, að þeir auki færni sína í lestri og njóti þess að lesa fjölbreytt lesefni. Lögð er áhersla á að nemendur efli hæfni sína til að taka þátt í lýðræðislegum samræðum og skoðanaskiptum.

Námsgögn - grunnur:

- Ýmsir textar og verkefni af veraldarvefnum,
- Verkefni úr námsbókum sem henta getu hvers og eins
- Önnur verkefni sem eru búin til af kennurum
- Lestrarbækur
- Spil

Kennsluhættir – Einstaklingsmiðað nám nemenda og lýðræðislegir kennsluhættir. Vinnan fer fram sem einstaklingsvinna, stöðvavinna eða í hóp. Áhersla lögð á góð samskipti, vináttu og að hjálpast að. Ávallt er lögð áhersla á að í hverju verkefni sem lagt er fyrir sé rými fyrir sköpun hvers einstaklings, langanir og smekk. Kennsla fer að mestu leyti fram inni í kennslustofu en ef tengja má verkefni út í náttúruna er það gert.

Kennslufyrirkomulag – Áhersla er á einstaklingsmiðað nám í allri kennslu, samvinnu, lausnamiðun, jákvæð samskipti, fagmennsku og metnað. Áhersla er á snemmtækan stuðning, gagnkvæma virðingu og traust milli heimila og skóla.

1.og 2.bekk er algjörlega kennt í sitt hvoru lagi fram að áramótum. Lögð er áhersla á heildstæða nálgun í móðurmálskennslu sem nær til allra þátta móðurmálsins. Unnið er með tal, hlustun, lestur, framsögn og ritun í einni heild. Samvirkar aðferðir eins og Byrjendalæsi eru notaðar í íslenskukennslu. Stafakannanir eru notaðar og fá nemendur sem það þurfa sérstakar æfingar til að þjálfra sjálfvirkni stafa og algengra orða. Íslenska er kennd í samþættingu við aðrar námsgreinar alla daga. Lögð er áhersla á skapandi og verklega nálgun í öllum greinum. Íslenska er 6 kennslustundir á viku

Námsmat - Leiðsagnamat:

- Lesferill: stafabekking, lesfimi, lestækni og nefnuhraði metinn. (Haustönn-miðönn-vorönn)
- Skrifleg umsögn við lok haustannar og vorannar út frá vinnusemi nemenda, frammistöðu, áhuga og framförum í kennslustundum.
- Leiðsagnarmat: Börnin vinna ýmis verkefni og safna í möppu því besta sem þau hafa gert á hverri önn og fara með heim við lok skólaárs.
- Að öðru leyti verður stuðst við sjálfsmat og kannanir. Þátttaka nemenda í kennslustundum og stökum verkefnum metin. Metnir eru allir þættir námsins, þekking, leikni og hæfni af viðmiðum í aðalnámskrá.

Enska

Kennari: Sigríður Björk Gylfadóttir

Markmið - Hæfniviðmið Aðalnámskrá grunnskóla – erlend tungumál, enska

<https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-20-erlend-tungumal-2024>

Helstu viðfangsefni/námsþættir -

- Hlustun og áhorf

- Lestur og lesskilningur
- Samskipti
- Frásögn
- Ritun
- Menningarlæsi

Markmiðið er að nemendur auðgi enskan orðaforða sinn er tengist þeim sjálfum, fjölskyldu, áhugamálum, nánasta umhverfi þeirra og reynsluheimi. Þjálfist í því að spyrja og svara á einfaldan hátt, því sem stendur viðkomandi næst. Geti tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar. Þjálfist í að hlusta á ensku og vinna með mjög einfaldan orðaforða úr hlustunarefni. Nemendur geti lesið og skrifað einföld orð og setningar.

Námsgögn

- Yes we can 2 og 3 nemendabók
- Efni af yes we can vefnum
- Enska smásögur og myndbönd
- Útprintað námsefni, leikir og söngvar.

Kennslufyrirkomulag og kennsluaðferðir -

Unnið verður með ákveðin þemu eftir köflum bókarinnar Yes we can 2 og 3. Áhersla er lögð á að byggja upp jákvætt viðhorf til tungumálsins og skapa aðstæður þar sem nemendur geta notað tungumálið á einfaldan hátt. Helstu kennsluaðferðir eru einstaklingsmiðað nám, samvinnunám, para- og hópavinna, leikir og leikræn tjáning og söngur. Náttúran og umhverfið kringum skólann er einnig nýtt til kennslu.

Enska er kennd einu sinni í viku, 40 mínútur í senn. 1. bekk er allur saman í 40 mín. og 2. og 3. bekk er blandað saman og skipt í tvo hópa.

Námsmat -

- Námsmat verður unnið út frá hæfniviðmiðum í aðalnámskrá. Tekið verður mið af vinnusemi, áhuga og verkefnum nemenda.

Náttúru- og samfélagsfræði

Kennarar: Sigríður Björk og stuðningsfulltrúi er Ásta Björg

Markmið - Hæfniviðmið Aðalnámskrá Grunnskóla 2024.

<https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-22-natturugreinar-2024>

Helstu viðfangsefni -

- Náttúra Íslands
- Lífið
- Umhverfið
- Samskipti

Markmiðið er að nemendur kynnist náttúru af eigin raun, ekki bara í gegnum bækur og margmiðlunarefni. Með vettvagnsferðum má skapa upplifun af náttúru og þannig geta nemendur

öðlast skilning sem ekki fæst með námi inni í skólastofu. Mikilvægi útikennslu í náttúrugreinum er mjög mikið.

Námsgögn - Komdu og skoðaðu bækurnar, Halló heimur 1-3, Tilraunir í náttúrufræði, veraldarvefurinn, ýmsar fræðibækur sem tengjast efninu beint og fjölbreytt efni frá kennara.

Kennsluhættir - Einstaklingsmiðaðnám nemenda og lýðræðislegir kennsluhættir. Vinnan fer fram sem einstaklingsvinna, stöðvavinna eða í hóp. Áhersla er lögð á góð samskipti, vináttu og að hjálpast að. Ávallt er lögð áhersla á að í hverju verkefni sem lagt er fyrir sé rými fyrir sköpun hvers einstaklings, langanir og smekk. Kennsla fer að mestu leyti fram inni í kennslustofu en ef tengja má verkefni út í náttúruna er það gert. Viðfangsefnin eru unnin í lotum.

Kennslufyrirkomulag - Stórbrotin náttúra er nýtt í námi og kennslu, inni sem úti. Lögð er áhersla á að nemendur þekki umhverfi sitt, helstu kennileiti, náttúruframbærni og sögustaði. Náttúru- og samfélagsfræði er kennd 6 kennslustundir á viku.

Námsmat

- Leiðsagnarmat: Í upphafi lota/kennslustund er tilgangur og markmið námsins útskýrður.
- Nemendur vinna ýmis verkefni og safna í möppu því besta sem þeir hafa gert á hvorri önn og fara með heim við lok skólaárs.
- Skrifleg umsögn við lok haustannar og vorannar út frá vinnusemi nemenda, frammistöðu, áhuga og framförum í kennslustundum.
- Metið er með sjálfsmati nemenda og könnunum. Þátttaka nemenda í kennslustundum og stökum verkefnum er metin. Metnir eru allir þættir námsins, þekking, leikni og hæfni út frá viðmiðum í aðalnámskrá fyrir 2. bekk.

Stærðfræði

Kennarar: Sigríður Björk og stuðningsfulltrúi Ásta Björg

Markmið - Hæfniviðmið Aðalnámskrá grunnskóla 2024.

<https://adalnamskra.is/adalnamskra-grunnskola/kafli-25>

Markmiðið er að nemandi geti notað viðeigandi verkfæri til að rannsaka og finna lausn á stærðfræðilegum viðfangsefnum með stuðningi og undir leiðsögn. Nemendur þjálfast í að framkvæma einfaldar reikniðgerðir og geti notað eigin leiðir við samlagningu og frádrátt með náttúrulegum tölum t.d. með því að teikna myndir og nota hlutbundin gögn og geti útskýrt hugsun sína.

Helstu viðfangsefni –

- Áhersla lögð á rétta flokkun,
- form,
- gerð kannana og súlurita
- Samlagningu
- Frádrátt
- Árstíðir

- tímatalshugtök og staðsetningarhugtök.

Námsgögn - Æfingarhefti 2a og b í Sprotabókarflokknum, fjölbreytt verkefni af netinu, leikir og spil.

Kennsluhættir – Einstaklingsmiðað nám, innlagnir og þjálfun miðar því við stöðu hvers og eins. Einnig er notað samvinnunám, paravinna og hópavinna. Áhersla er lögð á góð samskipti, vináttu og að hjálpast að. Kennsla fer að mestu leyti fram inni í kennslustofu en ef tengja má verkefni út í náttúruna er það gert.

Kennslufyrirkomulag - Stærðfræði er kennd 5 sinnum í viku.

Námsmat –

- Leiðsagnarmat og sjálfsmat
- Verkefnum nemenda er safnað saman og sett saman í verkefnabók við lok annar
- Lotukannanir gerðar til að athuga stöðu nemenda.
- Metnir eru allir þættir námsins, þekking, leikni og hæfni af viðmiðum í aðalnámskrá.

Myndmennt

Kennari: Helena Steinpórsdóttir

Markmið - Sjá aðalnámskrá við lok 4. bekkjar.

<https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-21-list-og-verkgreinar-2024>

Helstu viðfangsefni - Leitast er við að nemandi geti nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun. Þekki hugtakið sjónarhorn og geti unnið með mismunandi sjónarhorn. Geti unnið mynd eftir fyrirmynd. Geti gert sér grein fyrir verðmæti efna sem unnið er með. Kynnist litafræði og litablöndun. Geti gengið frá verkefnum, efnum og áhöldum. Læri að þekkja eiginleka hvers miðils fyrir sig. Horfi á umhverfi sitt og þjálfist í að notfæra sér það sem hann uppgötvar. Geti lýst munnlega/skriflega skoðun sinni á myndverki.

Námsgögn - Unnið með hugmyndir af netinu og frá kennara.

Námsmat - Símat kennara sem einkum felur í sér eftirfarandi þætti: áhuga, virkni, sjálfstæði, skapandi vinnubrögð og snyrtilegan frágang.

Kennsluhættir - Verkefni er kynnt fyrir nemendum og miðlar sem unnið er með. Ýtt er undir sköpunargleði hvers og eins og nemendur vinna verkefni út frá sinni getu og hugmyndum. Stutt er við hugmyndir sem koma til nemenda við sköpunina.

Kennslufyrirkomulag - 1. og 2. bekk er kennt saman í tveimur blönduðum hópum, hvor hópur fær 40 mínútna tíma á viku.

Hönnun og smíði

Kennari: Lilja Loftsdóttir

Markmið - Hæfniviðmið Aðalnámsskrár grunnskóla-List og verkgreinar (Hönnun og Smíði).

Helstu viðfangsefni -

- Kynnist algengustu verkfærum í trésmíði og virkni þeirra,
- Læri um almenn smíðaeefni og eiginleika þeirra,
- Framkvæmt nokkrar aðferðir til festinga, (Negla, líma)
- Beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar.
- Dregið einfalda skissu og útskýra hugmyndir sínar,
- Unnið verkefni frá hugmynd að fullunnum hlut,
- Sagt frá orkugjöfum sem nota má í smíðaverkefnum,
- Kynnist ýmsum tæknifyrbrigðum er tengjast daglegu lífi,
- Greint einfaldar þarfir í umhverfi sínu,
- Valið efni út frá umhverfissjónarmiðum og sagt frá kostum þess að nota efni úr nærumhverfi,
- Sýnt góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með,

Námsgögn - grunnur:

- Smíði (Árni Arnason, Búi Kristjánsson og Ólafur Ólafsson)
- Stuðningsefni af vef og frá kennara.

Kennsluhættir – Sýnikennsla og umræður. Einstaklingsmiðuð aðstoð kennara við nemendur. Vinnan fer fram sem einstaklingsvinna eða í hóp. Áhersla lögð á góð samskipti, vináttu og að hjálpast að. Ávallt er lögð áhersla á að í hverju verkefni sem lagt er fyrir sé rými fyrir sköpun hvers einstaklings, langanir og smekk.

Kennslufyrirkomulag – Hönnun og Smíði er kennd einu sinni í viku, 80 mín. í senn í þremur 6 vikna lotum yfir skólaárið. Mikil áhersla er lögð á aðlögun og samstarf við Textílmennt. Áherslur í allri kennslu er einstaklingsmiðuð nám, samvinna, lausnamiðun, jákvæð samskipti, fagmennska og metnaður.

Námsmat - Leiðsagnamat: Umræður um verkefni og lokafrágang þeirra. Auk þess er tekið mið af vinnusemi, áhuga og framförum nemenda í kennslustund, góðum samskiptum og hjálpsemi. Verkefni verða metin með tilliti til vandvirkni, færni og frágangs.

Textílmennt – 2. bekkur

Kennari: Erna Óðinsdóttir

Markmið - Hæfniviðmið Aðalnámskrár grunnskóla – List- og verkgreinar (textílmennt) Nánari útfærslu á vinnu við hæfniviðmið og námsmarkmið má sjá í verkefnabók á Mentor í hverri lotu fyrir sig.

Helstu viðfangsefni -

- Læri að nota einfaldar aðferðir og beiti viðeigandi áhöldum.
- Læri að vinna með nokkrar gerðir textílefna, íslenska ull og bómull.
- Geti unnið eftir einföldum leiðbeiningum, munnlegum og sýnikennslu.
- Læri að beita sér rétt við vinnu sína.
- Þjálfist í að skyssa hugmyndir sínar að verkefnum.
- Geti skreytt textílvinnu á einfaldan og skapandi hátt.
- Læri þau hugtök sem unnið er með hverju sinni og tengjast greininni.
- Kynnist endurnýtingu textíls og vinni að slíku textílverkefni.

Markmiðið er að nemendur kynnist textílmennt á sem fjölbreyttastan hátt. Læri grunnaðferðir í textíl handverki og geti beitt þeim í verkefnum sínum. Lögð er áhersla á undirbúning, teikningar og skipuleg vinnubrögð sem undirbúning fyrir eigin sköpunarverk. Lagt er upp úr að nemendur útfæri verkefni sín eftir eigin löngunum og smekk og upplifi því sterkara eignarhald í verkefninu öllu. Að nemendur læri að þekkja mismunandi efnisgerðir með sérstaka áherslu á staðbundið hráefni, íslensku ullina, og endurnýtingu textíls. Lögð er áhersla á að nemendur tileinki sér þann orðaforða sem tilheyrir greininni og öðlist smám saman öryggi í notkun hans. Kennsla fer að mestu leyti fram inni í kennslustofu en ef tengja má verkefni út í náttúruna er það gert.

Námsgögn - grunnur:

- Handbók í Textíl (Þýðing Ásdís Jóelsdóttir).
- Ullarþóf (Júlíana Þorvaldsdóttir og Þórunn Eiríksdóttir).
- Gera sjálfur – námsvefur um textílmennt og sjálfbærni.
- Stuðningsefni af vef og frá kennara.

Kennsluhættir – Sýnikennsla og umræður. Einstaklingsmiðuð aðstoð kennara við nemendur. Vinnan fer fram sem einstaklingsvinna eða í hóp. Áhersla lögð á góð samskipti, vináttu og að hjálpast að. Ávallt er lögð áhersla á að í hverju verkefni sem lagt er fyrir sé rými fyrir sköpun hvers einstaklings, langanir og smekk.

Kennslufyrirkomulag – Textílmennt er kennd einu sinni í viku, 80 mín. í senn í þremur 6 vikna lotum yfir skólaárið. Mikil áhersla er lögð á aðlögun og samstarf við Hönnun og smíði. Áherslur í allri kennslu er einstaklingsmiðað nám, samvinna, lausnamiðun, jákvæð samskipti, fagmennska og metnaður.

Námsmat - Leiðsagnamat: Umræður um verkefni og lokafrágang þeirra. Auk þess er tekið mið af vinnusemi, áhuga og framförum nemenda í kennslustund, góðum samskiptum og hjálpsemi. Verkefni verða metin með tilliti til vandvirkni, færni og frágangs.

Útikennsla

Kennari: Lilja Loftsdóttir

Markmið - Markmið útináms eru að nemendur öðlist tilfinningu fyrir umhverfi sínu og áhrifum náttúru á þeirra daglega líf. Einnig að nemendur læri að tileinka sér sterkt og gott viðhorf til náttúrunnar, útivistar, hreyfingar og heilbrigði. Einnig er lögð áhersla á að nemendur klæði sig rétt miðað við veðurfar hverju sinni.

Helstu viðfangsefni - Viðfangsefni útináms eru fjölbreytt og fléttast saman við aðrar greinar skólans. Sérstök áhersla verður lögð á nánasta umhverfi skólans, náttúrulegt og manngert, árstíðirnar og einkenni þeirra, veðurfar, hreyfingu, sköpun og sjálfbærni. Auk þess munu félagsþættir vega þungt í útinámi svo sem samskipti og félagsfærni.

Kennsluhættir. Kennsla fer fram utandyra og byggir að mestu á athugunum, umræðum, þrautum og skapandi verkefnum. Nemendur munu ýmist vinna í samvinnu við aðra eða sjálfstætt við öflun gagna, athuganir, prófanir, mælingar og úrvinnslu.

Kennslufyrirkomulag - Útinám er kennt einusinni í viku 40.mín

Námsmat - Lagt verður mat á færni, framfarir, vinnusemi og áhuga nemenda í kennslustundum. Auk þess verður metið hvernig nemendum gengur að tileinka sér markmið námsins.

Skólaíþróttir

Kennari: Halla Rúnarsdóttir

Markmið -Hæfniviðmið Aðalnámskrár Grunnskóla- Skólaíþróttir
<https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-23-skolaithrottir-2024>

Helstu viðfangsefni -

- Grunnþættir líkams- og hreyfiproska
Líkamsstaða og líkamsbeiting, samhæfing, styrkur, þol, hraði, jafnvægi, liðleiki.
- Kynna nemendum fyrir fjölbreyttum íþróttum, einstaklings og hópíþróttir.
- Áhersla lögð á hreyfingu og markvissa hreyfipjálfun. Lagður grunnur að heilsu og velferð nemenda til lífstíðar.
- Fræða skal nemendur um hreyfingu, efla hreyfifærni og skapa öruggt umhverfi sem hvetur alla til hreyfingar.

Markmið er að nemendur fái kennslu og læri undirstöðuatriði helstu íþróttagreinum sem stundaðar eru á Íslandi. Mikil áhersla er lögð á að nemendur auki sjálfstraust sitt, viljastyrk og áræðni. Að þau sýni góða hegðun og þjálfist í samvinnu. Einnig er lögð áhersla á sköpun nemenda, tjáningu og heilbrigði. Nemendur læra m.a. ýmis hugtök, reglur, skipulagsform, umgengni við áhöld og venjur í búningsklefa og öðlist einnig þekkingu á starfsemi líkamans í tengslum við hreyfingu og íþróttir.

Námsgögn - Unnið er með þau íþróttaráhöld sem skólinn hefur afnot af og henta hverju sinni. Kennari styðst við efni af veraldarvef, Íþróttabækurnar sem gefnar eru út af MMS og handbækur tengdar hverri grein.

Kennsluhættir - Kennslan er fjölbreytt en hún fer aðallega fram í formi æfinga og leikja. Stundum er kennslunni beint til alls hópsins og stundum til fátta í senn eða einstaklingsins. Fyrirkomulagið er margt konar, s.s. leikir, æfingar, stöðvæðing og hringþjálfun, hvort sem er með eða án áhalds.

Kennslufyrirkomulag - Nemendur hljóta íþróttakennslu í 40 mín. í senn, 1x í viku. Kennslan fer að mestu leyti fram í íþróttasal en útikennsla er nokkrar vikur að hausti og að vori. Áherslur í allri kennslu er einstaklingsmiðað nám, samvinna, lausnamiðun, jákvæð samskipti, fagmennska og metnaður.

Námsmat - Leiðsagnarmat : Námsmat byggir á símati og gátlistum þar sem metnir eru þættir á borð við virkni, samvinnu, leikni og afkastagetu nemenda.

Sund

Kennari: Guðbjörg H. Bjarnadóttir

Markmið -Hæfniviðmið Aðalnámskrár Grunnskóla- Skólaíþróttir
<https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-23-skolaithrottir-2024>

Helstu viðfangsefni -

- Grunnþættir líkams- og hreyfiproska
Líkamsstaða og líkamsbeiting, samhæfing, styrkur, þol, hraði, jafnvægi, liðleiki.
- Kynna nemendum fyrir fjölbreyttum sundaðferðum æfingum og leikjum í vatni. Einnig björgun, öryggi, hreinlæti og skyndihjálp
- Áhersla lögð á hreyfingu og markvissa hreyfipjálfun. Lagður grunnur að heilsu og velferð nemenda til lífstíðar.
- Fræða skal nemendur um hreyfingu, efla hreyfifærni og skapa öruggt umhverfi sem hvetur alla til hreyfingar.

Markmið er að nemendur fái kennslu og læri undirstöðuatriði helstu íþróttagreinum sem stundaðar eru á Íslandi. Mikil áhersla er lögð á að nemendur auki sjálfstraust sitt, viljastyrk og áræðni. Að þau sýni góða hegðun og þjálfist í samvinnu. Einnig er lögð áhersla á sköpun nemenda, tjáningu og heilbrigði. Nemendur læra m.a. ýmis hugtök, reglur, skipulagsform, umgengni við áhöld og venjur í búningsklefa og öðlist einnig þekkingu á starfsemi líkamans í tengslum við hreyfingu og íþróttir.

Námsgögn - Unnið er með þau íþróttáhöld sem skólinn hefur afnot af og henta hverju sinni. Kennari styðst við efni af veraldarvef, íþróttabækurnar sem gefnar eru út af MMS og handbækur tengdar hverri grein.

Kennsluhættir - Kennslan er fjölbreytt en hún fer aðallega fram í formi æfinga og leikja. Stundum er kennslunni beint til alls hópsins og stundum til fárra í senn eða einstaklingsins. Fyrirkomulagið er margs konar, s.s. leikir, æfingar, stöðvaþjálfun og hringþjálfun, hvort sem er með eða án áhalds.

Kennslufyrirkomulag - Nemendur hljóta sundkennslu í 40 mín. í senn, 1x í viku. Kennslan fer fram í Neslaug. Áherslur í allri kennslu er einstaklingsmiðað nám, samvinna, lausnamiðun, jákvæð samskipti, fagmennska og metnaður.

Námsmat - Leiðsagnarmat : Námsmat byggir á símati og gátlistum þar sem metnir eru þættir á borð við virkni, samvinnu, leikni og afkastagetu nemenda.

Lífsleikni

Kennarar: Sigríður Björk og Ásta Björg

Markmið -

- Að vekja nemendur til umhugsunar um þau hugtök sem notuð eru í félagsfærni, sjálfsstjórn og siðferðisvitund.
- Að kenna nemendum að þekkja tilfinningar sínar og setja sig í spor annara.
- Að kenna nemendum jákvæðar leiðir í samskiptum.
- Að nemendur þroski með sér samkennd með öðrum.

Námsgögn - ART, Olweus, Eineltishringurinn og efni af veraldarvefnum útfærð af kennurum.

Kennslufyrirkomulag - Áhersla er lögð á að skapa notalegt andrúmsloft í Regnbogalandi, að öllum líði vel, séu öruggir og finnist þeir tilheyra góðu samfélagi sem einkennist af virðingu og vináttu.

Áhersla er lögð á rödd nemandans, þeir fá daglega tækifæri til þess að koma skoðunum sínum og tilfinningum á framfæri, lagðar eru fyrir tengslakannanir og tekin eru viðtöl við nemendur til þess að fylgjast vel með líðan hvers og eins.

Í upphafi skólaársins eru gerðar samskiptareglur sem allir hjálpast að við að fara eftir. Nemendur fá tækifæri og aðstoð til að mynda vinatengsl og taka tillit til annara í daglegu starfi. Lífsleikni er samþætt við aðrar námsgreinar.

Námsmat – Leiðsagnarmat sem fléttast inn í námsmat í öðrum námsgreinum. Umsögn frá kennurum við lok skólaársins.

Upplýsingatækni

Kennarar: Andrea Sif Snæbjörnsdóttir

Markmið - Sjá Aðalnámskrá grunnskóla við lok 4. bekkjar.

<https://www.adalnamskra.is/grunnskoli/kafli-26-upplysinga-og-taeknimennt-2024>

Helstu viðfangsefni - Nemendur læri grunnumgengni við tölvur t.d. frágang, skrá sig inn eftir lykilorði o.fl., kynnist þeim möguleikum sem tölvur búa yfir, læri að nýta sér tölvur við ritun og byrji að tileinka sér rétta fingrasetningu.

Kennsluhættir og kennslufyrirkomulag - Notaðar eru bæði fartölvur og spjaldtölvur. Unnið er í lotum og viðfangsefni eru samþætt við aðrar námsgreinar í 1.-4. bekk.

Námsmat – Leiðsagnarmat og umsögn frá kennurum í lok annar.

Heimilisfræði

Kennari: Elín Sigríður Jónsdóttir

Markmið - Sjá aðalnámskrá grunnskóla við lok 4. bekkjar. [Aðalnámskrá](#)

Helstu viðfangsefni –

- Læri að nota einföld mæli- og eldhúsáhöld og sinna viðeigandi frágangi.
- Læri að beita sér rétt við vinnu sína.
- Geti gert sér grein fyrir helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi.
- Geti unnið eftir einföldum leiðbeiningum, munnlegum og sýnikennslu.
- Læri hugtök sem tengjast greininni.
- Læri um holla næringu og heilbrigða lífshætti.

Námsgögn:

- Gott og gaman, heimilisfræði fyrir byrjendur.
- Heimilisfræði 2.
- Fræðsluefni af vefnum *Lærum og nærum* (www.laerumognaerum.is)
- Veraldarvefurinn.
- Efni frá kennara.

Kennsluhættir - Verklegar æfingar og umræður. Unnið í pörum og hópum.

Kennslufyrirkomulag – 1. og 2. bekk er kennt saman í þremur blönduðum hópum. Hver hópur fær 40 mínútna tíma á viku, tvær vikur í senn og er þá þriðju vikuna í annari kennslu.

Námsmat - Fylgst er með færni og framförum nemandans og lagt mat á það hvernig honum gengur að tileinka sér markmið og leiðir. Áhersla er lögð á vandvirkni, sjálfstæði og samvinnu í hópum.

Tónmennt

Kennari: Elín Sigríður Jónsdóttir

Markmið - Sjá aðalnámskrá grunnskóla við lok 4. bekkjar. Aðalnámskrá

Helstu viðfangsefni –

- Söngur og hljóðfæraleikur með skólahljóðfærum.
- Taktur, dans og hreyfing.
- Samhæfing hugar og handar.
- Sköpun og skráning.
- Hlustun og greining.

Námsgögn:

- Valið efni úr eftirfarandi bókum:
- Tónlist og umhverfið.
- Það var lagið.
- Forskólinn.
- Söngvasafn.
- Syngjandi skóli.
- Töfrakassinn tónlistarleikir.
- Tónmenntavefurinn.
- Efni frá kennara.

Kennsluhættir – Helstu kennsluhættir eru leikir og söngur, ásamt umræðum og sýnikennslu.

Kennslufyrirkomulag – Tónmennt er kennd einu sinni í viku, 40 mínútur í senn.

Námsmat - Fylgst er með færni og framförum nemandans og lagt mat á það hvernig honum gengur að tileinka sér markmið og leiðir. Áhersla er lögð á virka eftirtekt og hlustun, samhæfingu hugar og handar, sköpunargleði og efla hugsun nemenda um tónlist.